

Norðurá bs.

Ársreikningur 2019

Norðurá bs.  
Skagfirðingabraut 17  
550 Sauðárkrókur

kt. 560206-0620

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

# Skýrsla og áritun stjórnar

---

Þann 5. desember 2005 var undirritaður stofnsamningur fyrir byggðasamlagið Norðurá bs. Stofnendur Norðurár bs. eru sveitarfélögin í Skagafjarðarsýslu og Austur-Húnavatnssýslu. Tilgangur byggðasamlagsins er að annast móttöku og förgun úrgangs fyrir aðildarsveitarfélögin. Stofnfé byggðasamlagsins er 20,0 millj. kr. en þar af hafa 12,6 millj. kr. verið greiddar.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður af rekstri félagsins á árinu 76,6 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 798,9 millj. kr. í árslok. Eigið fé félagsins í árslok nam 440,1 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til skýringa í ársreikningnum varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.


Laun og launatengd gjöld námu 41,7 millj. kr. á árinu 2019. Þar af námu laun og launatengd gjöld stjórnar 2,1 millj. kr. Á árinu störfuðu 3-4 starfsmenn hjá Norðurá í 4 ársverkum.

Stjórn Norðurár bs. hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2019 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn leggur til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir mun hafa veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim þar með talið efnahagsleg. Veruleg óvissa ríkir um efnahagsleg áhrif faraldursins s.s. vegna óvissu um hve lengi hann mun vara og hver áhrifin munu verða eftir að honum lýkur. Sjá nánar í skýringu 19

Stekkjarkvík, 28.09 2020.

Stjórn:



# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar Norðurá bs.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Norðurá bs. („félagið“) fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2019 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema hún ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti.

### Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Sauðárkróki, 28. september 2020.

**KPMG ehf.**



# Rekstrarreikningur árið 2019

	Skýr.	2019	2018
<b>Rekstrartekjur</b>			
Seld þjónusta .....		224.429.686	184.392.684
		<u>224.429.686</u>	<u>184.392.684</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	11	41.670.535	37.567.237
Annar rekstrarkostnaður .....		45.414.019	38.700.281
Afskriftir .....	12	38.374.573	35.147.128
		<u>125.459.127</u>	<u>111.414.646</u>
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....		98.970.560	72.978.038
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....		244.554	439.067
Söluhagnaður verðbréfa .....		0	2.385.705
Vaxtagjöld skammtímaskulda .....		( 144.581)	( 137.543)
Verðbætur og vaxtagjöld langtímaskulda .....		( 24.846.217)	( 29.665.707)
Verðbreytingar .....		2.758.582	277.954
Gengismunur .....		0	56.361
Fjármagnstekjuskattur .....		( 359.458)	( 625.168)
		<u>( 22.347.120)</u>	<u>( 27.269.331)</u>
<b>Hagnaður ársins</b> .....	14	<u>76.623.440</u>	<u>45.708.707</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr.	2019	2018
<b>Eignir</b>			
Sorpurðunarsvæði .....	12	460.862.947	474.049.977
Þjónustuhús og skemma .....	12,13	118.688.390	119.490.407
Vélar, áhöld og tæki .....	12	47.652.110	58.641.892
Fastafjármunir		<u>627.203.447</u>	<u>652.182.276</u>
Viðskiptakröfur .....		13.338.265	14.152.604
Virðisaukaskattur .....		0	1.743
Fyrirframgreiddur kostnaður .....		1.577.285	1.424.103
Handbært fé .....		156.775.017	112.560.950
Veltufjármunir		<u>171.690.567</u>	<u>128.139.400</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>798.894.014</u>	<u>780.321.676</u>
<b>Eigið fé</b>			
Stofnfé .....		12.600.000	12.600.000
Lokunarsjóður .....		27.279.613	22.279.613
Annað eigið fé .....		400.242.521	328.619.081
Eigið fé	14	<u>440.122.134</u>	<u>363.498.694</u>
<b>Langtímaskuldir</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....		265.321.541	325.612.163
Langtímaskuldir	15	<u>265.321.541</u>	<u>325.612.163</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Næsta árs afborganir af langtímalánum .....	15	68.992.406	64.473.549
Viðskiptaskuldir .....		13.920.314	17.279.887
Virðisaukaskattur .....		374.577	0
Áfallnir vextir langtímalána .....		5.847.659	6.481.210
Ýmsar skammtímaskuldir .....		4.315.383	2.976.173
Skammtímaskuldir		<u>93.450.339</u>	<u>91.210.819</u>
Skuldir samtals		<u>358.771.880</u>	<u>416.822.982</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>798.894.014</u>	<u>780.321.676</u>

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2019

	Skýr.	2019	2018
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður ársins .....	14	76.623.440	45.708.707
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	12	38.374.573	35.147.128
Verðbætur langtímalána .....		9.595.189	12.942.335
		<u>124.593.202</u>	<u>93.798.170</u>
Veltufé frá rekstri			
Breytingar rekstrartengda eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, lækkun .....		662.900	4.390.796
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun .....		( 2.279.337)	2.672.594
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		<u>( 1.616.437)</u>	<u>7.063.390</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>122.976.765</u>	<u>100.861.560</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfesting ársins .....	12	( 13.395.744)	( 94.607.892)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>( 13.395.744)</u>	<u>( 94.607.892)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Afborganir langtímalána .....		( 65.366.954)	( 60.579.409)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>( 65.366.954)</u>	<u>( 60.579.409)</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....</b>			
		44.214.067	( 54.325.741)
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>			
		<u>112.560.950</u>	<u>166.886.691</u>
<b>Handbært fé í lok ársins .....</b>			
		<u>156.775.017</u>	<u>112.560.950</u>

# Skýringar

---

## 1. Félagið

Norðurá bs. er íslenskt byggðasamlag og er lögheimili þess að Skagfirðingabraut 17 á Sauðárkróki. Stofnendur Norðurár bs. eru sveitarfélögin í Skagafjarðarsýslu og Austur-Húnavatnssýslu. Tilgangur byggðasamlagsins er að annast móttöku og förgun úrgangs fyrir aðildarsveitarfélögin.

## Reikningsskilaaðferðir

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

## 3. Innlausn tekna

Tekjur af sölu þjónustu eru færðar þegar þjónusta hefur verið innt af hendi og kröfuréttur myndast. Tekjur eru ekki færðar ef verulegur vafi leikur á innlausn þeirra.

## 4. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

## 5. Verðlagsviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag í árslok. Verðlagsbreytingar sem myndast eru færðar í rekstrarreikning.

## 6. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýmum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Sorpurðunarsvæði .....	33 ár
Þjónustuhús og skemma .....	33 ár
Vélar, áhöld og tæki .....	3-5 ár

## 7. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

## 8. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

## 9. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

## 10. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Upplýsingar um ábyrgðir og skuldbindingar byggðasamlagsins utan efnahagsreiknings eru birtar í skýringu 16.

## Skýringar, frh.:

### 11. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2019	2018
Laun .....	31.509.312	29.672.286
Stjórnarlaun .....	1.642.983	1.049.437
Launatengd gjöld .....	7.101.456	6.723.323
Áunnið orlof, breyting .....	620.719	( 637.242)
Annar starfsmannakostnaður .....	796.065	759.433
	41.670.535	37.567.237
Stöðugildi í árslok .....	3	3
Fjöldi starfsmanna að meðaltali .....	3,75	3,6
Ársverk .....	3,75	3,6

### 12. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Sorp- urðunarsvæði	Þjónustuhús og skemma	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2019.....	563.496.823	135.069.572	95.064.195	793.630.590
Keypt/eignfært á árinu .....	5.596.191	3.700.299	4.099.254	13.395.744
Ónýtt á árinu .....	0	0	( 3.270.000)	( 3.270.000)
Heildarverð 31.12.2019.....	569.093.014	138.769.871	95.893.449	803.756.334
Afskrifað áður .....	89.446.846	15.579.165	36.422.303	141.448.314
Afskrifað á árinu .....	18.783.221	4.502.316	15.089.036	38.374.573
Ónýtt á árinu .....	0	0	( 3.270.000)	( 3.270.000)
Afskrifað samtals 31.12.2019.....	108.230.067	20.081.481	48.241.339	176.552.887
Bókfært verð 1.1.2019.....	474.049.977	119.490.407	58.641.892	652.182.276
Bókfært verð 31.12.2019.....	460.862.947	118.688.390	47.652.110	627.203.447
Afskriftahlutföll .....	3%	3%	15-20%	

Vátryggingaverð lausafjármuna var 141,8 millj. kr. í árslok 2019. (2018; 112 millj. kr.)

### 13. Fasteignamat

Fasteignir félagsins greinast þannig:

	Fasteigna- mat	Brunabóta- mat	Bókfært verð
Sölvabakki .....	62.540.000	107.700.000	118.688.390
Samtals .....	62.540.000	107.700.000	118.688.390

## Skýringar, frh.:

### 14. Eigið fé

Stofnfé byggðasamlagsins samkvæmt stofnsamningi er að fjárhæð 20,0 millj. kr., innborgað stofnfé er að fjárhæð 12,6 millj. kr. Eigendur leggja fram stofnfé í hlutfalli við íbúatölu sveitarfélaganna miðað við 1. desember næsta ár á undan greiðsluári. Innborgað stofnfé greinist þannig á stofnaðila:

	<b>Stofnfé</b> <b>31.12.2019</b>	<b>Hlutfall</b>
Sveitarfélagið Skagafjörður .....	8.165.000	64,8%
Akrahreppur .....	435.000	3,45%
Blönduósbær .....	1.798.000	14,27%
Sveitarfélagið Skagaströnd .....	1.073.000	8,52%
Húnavatnshreppur .....	925.000	7,34%
Skagabyggð .....	204.000	1,62%
	12.600.000	100,00%

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	<b>Stofnfé</b>	<b>Lokunar- sjóður</b>	<b>Annað eigið fé</b>	<b>Samtals</b>
Eigið fé 1.1.2019.....	12.600.000	22.279.613	328.619.081	363.498.694
Lagt í lokunarsjóð á árinu .....		5.000.000	( 5.000.000)	0
Rekstrarniðurstaða ársins .....			76.623.440	76.623.440
Staða 31.12.2019.....	12.600.000	27.279.613	400.242.521	440.122.134

### 15. Langtímaskuldir

Langtímalán greinast þannig:

Lánveitandi	Lánsform	Vísitala	Vaxtakjör	Staða
Lánasjóður sveitarfélaga .....	Skuldabréf	Nvt	5,03%	163.662.954
Lánasjóður sveitarfélaga .....	Skuldabréf	Nvt	3,40%	170.650.993
				334.313.947
Næsta árs afborganir .....				( 68.992.406)
Langtímaskuldir í efnahagsreikningi .....				265.321.541
Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:				
Árið 2020.....				68.992.406
Árið 2021.....				71.911.907
Árið 2022.....				74.959.722
Árið 2023.....				78.141.687
Árið 2024.....				40.308.225
				334.313.947

Á árunum 2010, 2011 og 2016 voru tekin lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Til tryggingar greiðslu lánanna, ásamt vöxtum, verðbótum og kostnaði veittu sveitarfélögin Skagafjörður, Blönduósbær, Skagaströnd, Húnavatnshreppur, Akrahreppur og Skagabyggð einfalda ábyrgð í samræmi við 8. mgr. 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

## Skýringar, frh.:

---

### 16. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Á árinu 2009 var gerður leigusamningur, um urðun sorps í landi Sölvabakka, við landeigendur. Samningurinn er til 30 ára, grunnleiga samkvæmt samningi er 2,6 millj. kr. á ári bundinn vísitölu neysluverðs, grunnvísitala 327,9 stig. Í upphafi árs 2019 var gerður viðauki við fyrri samning sem fól í sér viðbótar leigugreiðslur til landeigenda. Á árinu 2019 nam gjaldfærð leiga 3,8 millj. kr. Uppreiknaðar eftirstöðvar samningsins nema 74,2 millj. kr. í árslok 2019, að meðtalinni viðbótar skuldbindingu vegna viðauka sem gerður var í upphafi árs 2019.

Á árinu 2012 var gerður viðauki við leigusamninginn varðandi urðun sláturúrgangs og dýraleifa. Árleg leiga nemur 10% af urðunargjöldum vegna sláturúrgangs og dýraleifa. Á árinu 2019 eru gjaldfærðar leigugreiðslur vegna sláturúrgangs vegna ársins 2019 að fjárhæð 4,4 millj.kr.

Þessar skuldbindingar eru ekki færðar í ársreikninginn.

### 17. Skattamál

Opinber gjöld vegna rekstrarársins hafa verið reiknuð og færð í ársreikninginn og greinast þannig:

Tryggingagjald ..... 2.468.779

### 18. Lokunarsjóður

Í 18. gr. reglugerðar um urðun nr. 738/2003, segir svo um gjald fyrir urðun úrgangs þarf hluti innheimtu gjalda fyrir urðun að vera fyrir kostnaði sem fellur til við lokun urðunarstaðar og vöktunar hans þar eftir, en í greininni segir: "Rekstraraðili urðunarstaðar skal innheimta gjald vegna urðunar úrgangs. Gjaldið skal nægja fyrir öllum kostnaði við urðun úrgangsins, þar með talið uppsetningu og rekstri viðkomandi urðunarstaðar. Einnig skjal gjaldið að svo miklu leyti sem hægt er að standa undir kostnaði sem fylgir því að setja fjárhagslega tryggingu eða jafngildi hennar, sbr. 17. gr. reglugerðar þessarar og áætluðum kostnaði við lokun staðarins og nauðsynlegt eftirlit í kjölfar lokunar í 30 ár." Samkvæmt útreikningum Eflu Verkfræðistofu mun kostnaður við lokun urðunarstaðarins við Stekkjarvík, sem áætlað er að muni eiga sér stað árið 2039, og vöktun hans í 30 ár eftir lokun nema um 50 millj. kr. Til að mæta þessum kostnaði hefur verið myndaður sérstakur lokunarsjóður meðal eigin fjár og mun þurfa að leggja í hann um 1,6 millj. kr. árlega skv. mati Eflu Verkfræðistofu til að hann geti í framtíðinni staðið undir kostnaði við lokun urðunarstaðar félagsins. Á árinu 2019 voru lagðar 5,0 millj. kr. í lokunarsjóð.

### 19. Atburðir eftir uppgjörsdag

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir mun hafa veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim þar með talið efnahagsleg. Veruleg óvissa ríkir um endanlega áhrif faraldursins s.s. vegna óvissu um hve lengi hann mun vara og hver áhrifin verða eftir að honum líkur. Vænta má að áhrif á rekstur byggðasamlagsins gæti orðið umtalsverð m.a. vegna lægri tekna og og aukinna útgjalda.

Það er mat stjórnenda byggðasamlagsins að ekki sé unnt, í ljósi framangreindrar óvissu, að leggja endanlegt mat á áhrif Covid-19 á rekstur byggðasamlagsins en meta greiðsluhæfi þess þó ekki skert. Félagið hefur nægt tiltækt handbært fé til að mæta skammtímasveiflum í sjóðsflæði.

# Sundurliðanir

	2019	2018
<b>Tekjur</b>		
Sorpeyðing .....	224.429.686	184.392.684
	<u>224.429.686</u>	<u>184.392.684</u>
<b>Laun og launatengd gjöld</b>		
Stjórnarlaun .....	1.642.983	1.049.437
Laun .....	31.509.312	29.672.286
Mótframlag í lífeyrissjóð .....	3.985.892	3.742.274
Tryggingagjald .....	2.468.779	2.373.904
Sjúkra- og orlofssjóður .....	646.785	607.145
Áunnið orlof .....	620.719	( 637.242)
Annar starfsmannakostnaður .....	796.065	759.433
	<u>41.670.535</u>	<u>37.567.237</u>
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>		
Ritföng, pappír og prentun .....	99.360	65.837
Vinnufatnaður og hreinlætisvörur .....	377.730	404.159
Rafmagn og hiti .....	806.628	670.538
Bensín og olíur .....	6.542.159	6.113.405
Gjaldfærðir rekstrarfjármunir, smááhöld og viðhald .....	1.083.512	1.355.686
Sími .....	243.121	244.162
Burðargjöld .....	66.678	61.751
Auglýsingar .....	71.226	30.000
Aðkeyptur akstur .....	21.284	1.077.080
Bifreiðastyrkir .....	267.520	191.540
Ferða- og námskeiðskostnaður .....	0	214.866
Fundakostnaður .....	568.892	60.009
Risna og gjafir .....	154.186	0
Verkfræði og arkitektþjónusta .....	11.977.609	603.498
Skrifstofu og bókhaldsþjónusta .....	3.421.590	4.258.213
Endurskoðun og gerð ársreiknings .....	478.950	370.750
Rekstur tölvukerfis .....	1.163.391	189.767
Leiga á landi, sorpurðun .....	3.841.958	3.172.303
Leiga á landi, sláturúrgangur .....	4.408.385	4.982.196
Viðhald bifreiða, áhalda og tækja .....	2.725.775	1.514.075
Tengigjald heimæðar hitaveitu .....	57.431	0
Önnur aðkeypt þjónusta .....	3.273.874	9.391.175
Áskriftargjöld .....	3.000	0
Bifreiðaskattar og gjöld af vélum .....	231.520	199.297
Leyfisgjöld og sýnatökur .....	787.250	776.800
Fasteignagjöld .....	973.065	884.520
Vátryggingar .....	1.773.709	1.507.870
Ýmsir styrkir .....	38.500	316.500
(Hagnaður) tap af sölu rekstrarfjármuna .....	0	0
Afskrifaðar kröfur .....	( 44.284)	160.800
Niðurfærsla krafna .....	0	( 116.516)
	<u>45.414.019</u>	<u>38.700.281</u>

## Sundurliðanir, frh.:

	<b>2019</b>	<b>2018</b>
<b>Aðrar skammtímaskuldir</b>		
Ógreidd laun .....	150.000	0
Ógreidd staðgreiðsla og tryggingagjald .....	1.174.144	783.221
Ógreiddur lífeyrissjóður .....	504.220	348.125
Ógreitt til stéttarféлага .....	75.755	54.282
Áfallið orlof .....	2.411.264	1.790.545
	<u>4.315.383</u>	<u>2.976.173</u>
<b>Fjárfestingar ársins</b>		
Fasteignir og landssvæði:		
Gasbrennslustöð .....	3.700.299	34.659.013
Sorpurðunarsvæði .....	5.596.191	0
Vélar, áhöld og tæki:		
Bifreið .....	4.099.254	0
Sorptroðari .....	0	51.883.879
Beltagrafa .....	0	8.065.000
	<u>13.395.744</u>	<u>94.607.892</u>